

Íbúðum um tvær, þær verði 17 í stað 15. Fyrirkomulag bílastæða og niðurgrafinnar bílageymslu er jafnframt breytt. Bílastæðum er fjölgað um fjögur. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:2000 dags. 15. mars 2005.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslu þeirra er hægt að nálgast á bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8.00 og 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8.00 til 14.00.

Kópavogi, 22. ágúst 2005.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um ökuskírteini, nr. 501 11. ágúst 1997.

1. gr.

Á eftir 4. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar kemur ný málsgrein orðuð þannig:

Þar sem í ákvæðum reglugerðarinnar er fjallað um ökuréttindaflokkana C, CE, D og DE gilda ákvæðin eftir því sem við á einnig um undirflokkana C₁ og C₁E og um D₁ og D₁E.

2. gr.

2. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar er felld niður.

3. gr.

Aftan við 3. mgr. 19. gr. reglugerðarinnar kemur nýr málslíður orðaður þannig:

Þó gildir að ökuskírteini til farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir flokk D gildi einnig um flokk D₁.

4. gr.

Aftan við 6. mgr., sem lýkur á orðunum „50% af leyfðum farmþunga“ í C-lið, III. kafla III. viðauka sem er með fyrirsögninni „*Flokkur C*“ kemur:

-Flokkur C₁,

Vörubifreið í flokki C₁ a.m.k. 5,0 m að lengd, a.m.k. 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd og gerð fyrir a.m.k. 80 km/klst. hraða. Bifreiðin skal búin læsivörðum hemlum og ökurita samkvæmt reglugerð EBE nr. 3821/85 sem innleidd hefur verið með reglugerð nr. 136/1995. Farmrýmið skal vera lokaður kassi sem er að minnsta kosti jafnbreiður og jafnhár og stýris-húsið.

Um aðrar sérkröfur gildir hið sama og fyrir flokk B.

5. gr.

Aftan við 4. mgr., sem lýkur á orðunum „hið sama og fyrir flokk B“ í D-lið III. kafla í III. viðauka sem er með fyrirsögninni „*Flokkur D*“ kemur:

-Flokkur D₁:

Hópbifreið í flokki D₁ a.m.k. 5,0 m að lengd, a.m.k. 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd og gerð fyrir a.m.k. 80 km/klst. hraða.

Hópbifreiðin skal búin læsivörðum hemlum og ökurita samkvæmt reglugerð EBE nr. 3821/85 sem innleidd hefur verið með reglugerð nr. 136/1995.

Um aðrar sérkröfur gildir hið sama og fyrir flokk B.

6. gr.

Aftan við 11. og síðustu mgr., sem lýkur á orðunum „50% af leyfðum farmþunga“ í E-lið, III. kafla í III. viðauka sem er með fyrirsögninni „*Flokkur E*“, kemur:

-Flokkur C_{1E}.

Próftökutæki í flokki C₁ með tengdan eftirvagn sem er a.m.k. 1.250 kg að leyfðri heildarþyngd, a.m.k. 8,0 m að lengd og gert fyrir a.m.k. 80 km/klst. hraða. Farmrými eftirvagnsins skal vera lokaður kassi sem er a.m.k. jafnbreiður og jafnhár og stýrishúsið. Lokaði kassinn má einnig vera lítið eitt mjórri en stýrishúsið að því tilskildu að baksýn fái eingöngu með ytri baksýnispeglum á bifreiðinni. Heildarþyngd eftirvagnsins skal vera a.m.k. 800 kg.

-Flokkur D_{1E}.

Prófökutæki í flokki D₁ með tengdan eftirvagn sem er a.m.k. 1.250 kg að leyfðri heildarþyngd og gert fyrir a.m.k. 80 km/klst. hraða. Farmrými eftirvagnsins skal vera lokaður kassi sem er a.m.k. tveggja metra breiður og tveggja metra hár. Heildarþyngd eftirvagnsins skal vera a.m.k. 800 kg.

7. gr.

1. kafli IV. viðauka verður orðaður þannig:

Ökunám skal fara fram samkvæmt námskrám fyrir hvern einstakan flokk ökuréttinda, A, B, C, D, C₁/D₁, BE og C_{1E}/D_{1E}, CE/DE, M og T, svo og fyrir farþegaflutninga í atvinnuskyni fyrir flokkana B, D og D₁.

8. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 52. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 15. ágúst 2005.

Sturla Böðvarsson.

Sigurbergur Björnsson.